

Kæra samstarfsfólk

Þið og við öll höfum staðið okkur ótrúlega vel að passa upp á heimilin okkar og íbúa. Takk fyrir það!

Ástandið í þjóðfélaginu gerir það að verkum að það verður að minna á nokkur atriði:

Ég vil ítreka við starfsmenn að **mæta EKKI til vinnu** finni þeir til hinna minnstu einkenna sem gætu bent til Covid-19 smits, heldur hringja sig inn veika og fara í sýnatöku.

Óútskýrð „þynnku“ tilfinning, slappleiki, hálssærindi, hósti, hiti, vöðva- og beinverkir, skert bragð- og lyktarskyn, kvef.... [Kallar á sýnatöku!](#)

Hægt er að skrá sig í sýnatöku á heilsuvera.is – með rafrænum skilríkjum eða hringja í heilsugæsluna sína eða í Læknavaktina í síma 1700.

Semsagt:

1. Ekki mæta með einkenni í vinnunna
2. Ekki mæta í vinnu meðan beðið er eftir niðurstöðum úr skimun
3. Ekki mæta ef maður er í sóttkví
4. Ekki mæta ef maður veit að maður er útsettur frá smituðum aðila en ekki kominn í formlega sóttkví.

Handþvottur, virða 2ja metra fjarlægðina, nota maska, virða fjöldatakmarkanir og gæta sín í samfélaginu eru aðgerðir sem munu fleyta okkur í gegnum þetta.

